

„Ljósið á Helgafelli.“

Vísitazíuferð biskups um Snæfellsnes.

Það var fagurt kvöldið í Stykkishólmi mánudaginn 27. júlí síðastl. — Eftir sólríkan dag og lognbliðan var kvöldsólin óðum að færast yfir og setja sinn gylta blæ á láð og lög. Eyjarnar úti á Breiðafirði urðu æ dekkri og dekkri á að lita við það, að skyggjast af skini hinnar lækkandi sólar, og þær urðu þá svo fallegar og greinilegar, að jafnvel hin minstu sker urðu skýr og fastmótuð á spegilsléttum haffletinum.

Þetta kvöld lá leið Stykkishólmsbúa til guðspjónustu upp í helgidóminn, því að biskupinn var kominn til að visitera kirkjuna þeirra, þá fimtánda og seinustu á ferð sinni um Snæfellsnesprófastsdæmi.

Lagt af stað. Klukkan 7 að morgni 14. dag júlímánaðar lagði biskupinn af stað í vísitazíuferðalag sitt um Snæfellsnes, og var ég í för með honum svo sem sumarið áður. Þegar Laxfoss hafði skilað okkur heilum í höfn í Borgarnesi frá Ægisgarðinum í Reykjavík, var snæddur dögurður hjá prófastinum á Borg, séra Birni Magnússyni, en þar stigið upp í bíl til Ragnars Jónssonar bifreiðarstjóra og ekið norður í prófastsdæmið.

Þegar við áttum stuttan spöl efir ófarinn heim að Stóra-Hrauni í Miklaholtsprestakalli, sást þar á hlaðvarpanum, meðal annara, maður sköllóttur, og það skein á hvítt höfuð hans í sólskininu.

„Þarna er þá kominn séra Árni Þórarinsson“, sögðum við einum rómi.

Ekki var um að villast. Þó að séra Árni væri kominn á níraðisaldur, stóð hann samt þarna á hlaðinu innan um barnabörn sín kátur og broshýr og tók fagnandi á móti komumönnum, frændum sínum og vinum. — Í nær hálfra öld var þessi maður prestur og síðar prófastur Snæfellinga og bjó þá á þessum stað. Stóra-Hraun, sem hann reisti og ræktaði, átti hann sjálfur og sat með mikilli rausn og prýði. Þegar séra Árni svo hætti störfum fyrir elli sakir, fór hann til Reykjavíkur og hefir nú sitt heimili þar. Hann lét Stóra-Hraun til sona sinna. Tengdasonur hans Kristján Einarsson framkvæmdastjóri á Stóra-Hraun, og

hefir hann sumarhús sitt á staðnum, en staðarforráð hefir sonur séra Árna, Þórarinn að nafni.

Sá, er eitthvað þekkir séra Árna, getur eigi gengið þess dulinn, að hann hefir alveg sérstakan mann að geyma. Það þarf jafnvel ekki annað en að horfa í andlit hans til þess að fá hugboð um þá dýpt vitsmuna, reynslu og speki, er hjá honum býr. Af nær hálftrar aldar kynningu hefir þessi gamli maður aflað sér gagngerrar þekkingar á fólkinu á Snæfellsnesi. Aldrei talar séra Árni svo langt mál, að hann minnst ekki á Snæfellinga og mannkosti þeirra. Þann tíma, sem við dvöldum á Stóra-Hrauni hjá honum, brá hann heldur ekki út af þeim vana sínum.

„Fólkið er stórkostlegt“, sagði hann, „þar hefi ég kynst mesta og bezta fólkinu, er ég hefi þekt, sem ég tel undra fólk. Hér þekkest vart það, er maður kallar trúleysi. Alþýðan hér er auðmjúk og rannsakandi; henni birtast andarnir góðu, og hér er andaheimur mikill. Alþýðufólkið er skynsamara en við getum gert okkur grein fyrir, og það er altaf á undan skólunum; af því hefi ég mest lært um mína daga“. — Ýmsum kynni hér að þykja nokkuð fast að orði kveðið, en svo mælti hinn aldri spekingur.

Á Stóra-Hrauni undum við okkur hið bezta meðal frænda og vina og vorum þar það, sem eftir var dagsins, og fram til kl. 11 f. h. næsta dag, en þá var ekið af stað til Kolbeinsstaðakirkju, því að þar átti fyrsta visitazían að hefjast.

Fyrstu kirkjurnar visteraðar. Þegar söfnuðurinn var genginn til kirkju og klukkunum hafði verið hringt, gengu þeir þrír hempuklæddir inn kirkjugólfið, sóknarpresturinn séra Þorsteinn L. Jónsson, biskupinn og séra Árni Þórarinsson, og guðsþjónustan byrjaði. Samkvæmt venjulegri tilhögun biskups þjónaði sóknarpresturinn fyrir altari á undan prédikun, biskupinn prédikaði og þjónaði fyrir

Biskupinn ásamt fyrverandi og núverandi prestum Miklaholtsprestakalls.



altari á eftir prédikun og flutti síðan erindi um mál safnaðarins og hvatti til aukinna starfa innan kirkjunnar. Er hann hafði lokið máli sínu, ávarpaði séra Árni Þórarinsson biskup og fyrverandi söfnuð sinn með fagurri ræðu. Hann drap m. a. á uppeldið í sínu ungdæmi, hvernig því hefði verið háttað, og hann sagði, að því hefði þá ekki verið hagað eftir margþættu fræðikerfi, heldur aðeins verið fólgið í þremur orðum, en það hefði dugað þeim, er þeirra lögum lutu. Þess mætti minnast á erfiðum og alvarlegum tímum eins og nú, ef menn reyndust svo hyggnair að vilja fara að dæmi forfeðra sinna í því efni og innræta börnum sínum hlýðni, trú og starf. Að lokum þakkaði séra Árni svo og sóknarprestur biskupi fyrir komuna, fyrir ánægjulega og uppörfandi stund í kirkjunni. Nokkurir kirkjugestir risu og úr sæti sínu og mæltu líkum árnaðar- og þakkarorðum til biskups.

Á sóknarnefndarfundinum, að lokinni guðsþjónustu, voru safnaðarmál Kólbeinsstaðakirkju ítarlega rædd, og var þar safnaðarfulltrúinn Sveinbjörn Jónsson og öll sóknarnefndin, en þar eiga sæti auk safnaðarfulltrúans formaður Guðbrandur Magnússon og Björn Kristjánsson.

Rétt er að geta þess, að fyr á öldum voru Kólbeinsstaðir hirðstjóra setur, og sat þar Ketill hirðstjóri.

Ekki var dvölin löng á Kólbeinsstöðum, því að þar var ekki nema hálf dagsverk unnið, þar sem önnur visitazía var boðuð að Rauðamel þann daginn. Séra Þorsteinn ók með okkur þangað, en séra Árni sneri heim að Stóra-Hrauni. Í Rauðamelskirkju fór visitazían fram á venjulegan hátt, og kom þar öll sóknarnefndin: Formaður Gestur Guðmundsson, Þorleifur Sigurðsson safnaðarfulltrúi og Óskar Pétursson.

Um kvöldið var ekið í Söðulsholt, heimili prestshjónanna séra Þorsteins L. Jónssonar og frú Júlíu Matthíasdóttur, og gist þar.

Söðulsholt er nýorðið prestssetur, og er þar gott íbúðarhús, en hlaða og fjós í smíðum. Kirkju vantar á staðinn, og er það óþægilegt á margan hátt, enda sjaldgæft, að prestssetrið sé ekki jafnframt kirkjustaður. Annars er fagurt um að litast í Söðulsholti og viðsýni þar mikið.

Morguninn eftir að við komum í Söðulsholt, fimtud. 16. júlí, var enn haldið af stað og nú til Fáskrúðarbakkakirkju, 3. og seinustu kirkju séra Þorsteins, og var hann ásamt konu sinni með þangað í hinu bezta veðri. Séra Þorsteinn hafði orð á því á leiðinni, að kirkjusókn til Fáskrúðarbakkakirkju væri betri en hann ætti að venjast að því leyti, að yngra fólkið væri mjög

kirkjurækið og gætti skyldu sinnar við kirkjuna vel og dyggi-lega. Við urðum og varir við, er til kirkjunnar kom, að svo var, sem sóknarprestur mælti. Meðal kirkjugestanna þar var Gunnar Thoroddsen prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Safnaðarfulltrúinn Guðbjartur Kristjánsson var þar mættur og úr sóknarnefnd Gíslí Guðmundsson og Alexander Guðbjartsson.

Hver, sem að Fáskrúðarbakka kemur og sér staðinn eins og hann lítur út í dag, á bágð með að trúá því, að fyrir átta árum hafi þar vart staðið steinn yfir steini, en það er samt satt. Svo var það, er þeir bræðurnir, Hans og Söbeck, komu að Fáskrúðarbakka fyrir átta árum sem landnemar. Heitið á bakkanum segir frá því, sem einu sinni var. En það er heldur ekkert annað í dag, er talar því máli, því að þeir bræðurnir hafa verið sleitulaust að verki. Tveir einir reistu þeir sér fögur íbúðar- og peningshús, ræktuðu landið og girtu. Svo var ákveðið að reisa kirkju á þeirra landareign, og þar unnu þeir sinn drjúga skerf sem aðrir, er þar lögðu hönd að verki. Árið 1935 var kirkjusmiðinni lokið, og þrýddi nú kirkjan staðinn með tign sinni og fegurð. — Það hefði mátt ætla, að þegar hér var komið, þætti þeim bræðrum nóg unnið, og að mál væri hvíldar. En hinar atorkusömu hagleikshendur fundu eigi frið fyr en í nýju starfi. Við sáum hús eitt í smiðum vel af grunni risið, og var okkur sagt, að þar væru bræðurnir að byggja eitt húsið enn.

Þegar klukkan var farin að ganga sex og degi tekið að halla, héldu prestshjónin til baka heim í Söðulsholt, en við áfram út eftir nesinu. Til Staðarstaðar var fórin heitið þenna daginn, því að þar var ákveðið að eiga náttstað.

**f Staðarstaðar-
prestakalli.** Það sem fyrst dró að sér athygli okkar, er til staðarins kom, var kirkjan, sem er þar í smiðum. Búið var að rífa gömu kirkjuna, en sú nýja var að risa á dálitilli hæð, þaðan sem sást um víða vegu. Þessi kirkjusmiði er Staðarstaðarsöfnuði til hins mesta sóma, og hún sýnir, að hann á til áræði og vilja til að leggja á sig mikið átak fyrir kirkjuna, þar sem svo erfitt er nú að útvega alla byggingarvöru og ekki sízt upp til sveita. Á Staðarstað búa prestshjónin séra Guðmundur Helgason og frú Hulda Sveinsdóttir. Það fann ég brátt á séra Guðmundi, að hann er með hugann allan við kirkjusmiðina og vinnur að því öllum árum, að kirkjan verði sem bezt og fegurst. Ýmsar fyrirætlanir eru á þrjónunum til þess að afla kirkjunni tekna, og ef vel gengur, á kirkjan að komast undir þak í haust.

Um kvöldið skrúppum við, bílstjórinn og ég, heim að bænum

Ölkeldu, er dregur nafn sitt af Ölkelduuppsprettu í túninu, en þangað fórum við til að fá sopa úr þessari margumtöluðu lind. Vatnsglós fengum við á bænum og stungum þeim á kaf ofan í uppsprettuna og barmafylltum glösin af þessum einkennilega en ljúffenga vökva, sem mest líktist sódatvatni. Er ég viss um, að þetta yrði eftirsóttur drykkur, ef hann kæmist á markað, en sá er galli á gjöf Njarðar, að hingað til hefir það reynzt ókleift að koma honum óskemdum til Reykjavíkur, því að kolsýran vill einhvern veginn eyðast úr vatninu, hvernig sem að er farið. Sagði bóndinn á Ölkeldu okkur, að fólkið sitt notaði þetta ölkelduvatn sem svaladrykk, og yrði gott af. Hann sagði hestana vera sérlega sólgna í vatn þetta, og þeir belgdu sig þá stundum svo út af því, að þeir gerðust jafnvel reikulir í spori.

Á Staðarstað vorum við um kyrt allan föstudaginn, og þar sem ekki var hægt að halda guðsþjónustu í kirkju af eðlilegum ástæðum, fór hún fram heima á heimili sóknarprestisins, þar sem athöfnin var höfð sem í kirkju væri, og lék frú séra Guðmundar á hljóðfærið. Þangað mætti safnaðarfulltrúinn Kári Magnússon, formaður sóknarnefndar Skarphéðinn Þórarinsson og meðnefndarmaður Björn Jónsson.

Við kvöldborðið gat séra Guðmundur þess, að hann myndi það nú alt í einu, að hann ætti afmæli í dag, 17. júlí. Og hann kom með nánari skýringu á þessu afmæli sínu og sagði, að fyrir nákvæmlega fjórum árum hefði dr. theol. Jón Helgason biskup vígt sig til prests, og væri þetta því fjögurra ára starfsafmæli hans sem prests í Þjóðkirkju Íslands. Kvaðst hann fagna því, að hafa einmitt þennan dag á heimili sínu núverandi biskup Íslands.

Veðrið þennan dag var fremur leiðinlegt, rigningsuddi og þoka svo að segja allan daginn, en „hvað er að fást um það“, var sagt við okkur, „ef þið fáið gott veður fyrir jökulinn, þess væri óskandi, að þá fenguð þið afbragðs veður“.

Til Búða.

Veðrið var orðið mun skárri daginn eftir, þegar ekið var af stað um kl. 11 f. h. til Búðakirkju, þar sem séra Guðmundur þjónar, og því var hann samferða okkur út eftir.

Á Búðum tók visitazian stuttan tíma. Að lokinni guðsþjónustu var sóknarnefndarfundur haldinn, og kom þar form. sóknarnefndar Kristján Guðbrandsson hreppstjóri og meðnefndarmenn hans Karl Eiríksson og Georg Ásmundsson.

Séra Guðmundur skildi við okkur á Búðum, því að við fórum til Ólafsvíkur seinni hluta dagsins, og þar átti að visitera

áður en við færum að Hellum, þar sem þriðja kirkja séra Guðmundar er.

Á Fróðárheiði var þoka og dimt um að litast, en birti yfir strax og neðar dró, og í Ólafsvík var glaða sólskin.

Það var aðallega tvent í guðsþjónustunni í Ólafsvík.

Það var aðallega tvent í guðsþjónustunni í Ólafsvík, sem dró að sér atlygli mína. Annað var það, er sóknarprestur séra Magnús Guðmundsson ásamt konu sinni, frú Rósu Thorlacius, og börnum gekk til altaris hjá biskupi og síðan biskup hjá sóknarpresti, var það áhrifaríkur þáttur í guðsþjónustunni. Svo var það söngurinn, og mig furðaði á því, hve hann var bæði mikill, fagur og listrænn. En svo stóð á því, að Sigurður Birkis söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hafði verið í Ólafsvík undanfarna daga til þess einmitt að æfa kirkjukór Ólafsvíkurkirkju, og var ég að heyra árangurinn af starfi hans, við þetta tækifæri. Söngmálastjórinn var nú farinn til Hellnakirkju að æfa þar sömuleiðis.

Sóknarnefndarfundur var haldinn á heimili séra Magnúsar um kvöldið, og komu til þess fundar fyrimenn safnaðarins, safnaðarfulltrúinn Stefán Kristjánsson, form. sóknarnefndar Jónas Þorvaldsson og nefndarmenn Jóhann Ágústsson og Eyjólfur Snæbjörnsson.

Um nóttina gistum við hjá prestshjónunum, en árla næsta dag var haldið til Brimilsvalla.

Sunnudagurinn. Brimilsvellir eru annexia séra Magnúsar, og þar býr hreppstjóri Fróðárhrepps Ólafur Bjarnason, sá, er átti eftir að reiða okkur fyrir Jökulinn og vel það. Mikil fólksfækkun hefir orðið í hrepp þessum, og sagði séra Magnús, að þau nær 20 ár, sem hann væri búinn að þjóna hér, hefðu um 15 bæir lagzt í eyði.

Á Brimilsvöllum bar samt alt vott um gróanda og hagsæld. Kirkjan þar niðri við ströndina var fögur á að líta og prýddi haf og strönd með návist sinni.

Ólafur Bjarnason form. sóknarnefndar var við visitazíuna og nefndarmaður Þorgils Þorgilsson meðhjálpari.

Þegar visitazían á þessum stað var á enda, var farið að hugsa til útiskemtunarinnar á Görðum hinum megin á nesinu. Veðrið var að visu árennilegt í sólskininu á Brimilsvöllum, en þeir fróðu spáðu samt engu góðu um veðrið á Görðum. Þeir sögðu, sem satt var, að þeir þar syðra væru ekki svo vel í sveit settir í þetta skiptið að hafa Jökulinn til þess að skýla sér fyrir sunnanáttinni, eins og Ólafsvíkingar og aðrir þar í grend. — Eigi að síður var farið yfir Fróðárheiði í góðri von, þó að á heiðinni væri sama þokan og daginn áður. Meira að segja höfðu

„vinnukonurnar“ á rúðunni nóg að gera, og þær sópuðu þoku-úðanum af bílrúðunni og máttu ekki hætta, því að úðinn var altaf á eftir þeim og sótti jafnt og þétt á rúðuna. Þetta var meiri þokan! — Séra Magnús minti okkur á gjörningaveður það, sem mælt er, að Björn Breiðvíkingakappi hafi fengið, er hann stóð af sér veðrið í helli einum, sem við hann er síðan kendur, þegar hann var að finna húsfreyjuna á Fróðá. Og séra Magnús benti upp í kolsvart hamrabeltið umvafið þoku-slæðingnum og sagði:

„Darna uppi er þessi Björnshellir“.

**Útisamkoman
á Görðum.**

Við komum á hentugum tíma á skemtistaðinn. Þar var kominn múgur manns, urmull af hestum í rétt og bíll við bíl á veginum. Ekki leið á löngu, þar til sálmasöngurinn hljómaði yfir skemtistaðinn, og fólkið hópaðist saman og beið þess að hlýða á biskupinn prédika.

Veðrið var þá eiginlega hvorki gott né vont. Þokan hafði legið yfir allan daginn, eins og við mátti búast, en var heldur að þynnast og birta yfir henni, því að það var sólin, sem látlaust skein uppi yfir þokunni og lét hana aldrei í friði, og nú varð hún að láta undan síga. Það var komin sól í þokuna.

Þegar útisöfnuðurinn var að enda við að syngja seinustu tónana í laginu: Faðir andanna, sem sungið var eftir prédikun biskups, sást til ferða manns, er ruddi sér braut í gegnum mannþröngina og hélt alla leið upp í ræðustólinn. Þar hóf hann svo mál sitt og talaði snjalt. Það var séra Jakob Jónsson, og flutti hann þarft erindi um ræktun sálarinnar. Var hann kominn alla leið úr Reykjavík til þess að flytja þetta erindi.

Þegar drykklöng sund var liðin frá erindi séra Jakobs, kom Jónas Jónsson frá Brekknakoti með hóp kvenna úr Stykkishólmi, sem hann lét sýna leikfimi með harmonikuundirspili við góðan orðstír. — Fleira var það ekki, sem ég sá af útiskemtun þessari, því að við héldum okkar ferð áfram um kvöldið út að Hamraendum. Séra Magnús og séra Guðmundur voru báðir með okkur í bílnum.

Á Hamraendum gistum við. Þar býr Sigmundur Jónsson ásamt uppkomnum börnum sínum. Þó að Sigmundur í kveðjuorðum sínum til okkar segði, að sér þætti ljúft að minnast liðinna ára vegna þess, hve honum hefði alt vel farnast um ævina, þá gat hann samt ekki þess, að þá þurfti hann að leggja á sig óumræðilega þungar byrðar til þess að geta haft ofan af fyrir sér og fjölskyldu sinni, en hann gat sigrað örðugleika þá, er honum mættu, svo vel, að rómað er um alla sveitina hans.

Daginn eftir komuna að Hamraendum var sezt á hestbak og

riðið út að Hellum¹⁾). Billinn var látinn biða Sigurðar Birkis söngmálastjóra og nemanda hans Kjartans Sigurjónssonar, sem voru á leið suður frá Hellum þá um kvöldið.

Til séra Kjartans Er við nálgudumst Stapann á leiðinni út að Hellum, varð á leið okkar mjó renna alla leið í Gíslabæ. ofan úr fjalli og niður að sjó. Var okkur sagt, að vikurinn rynni eftir þessari rennu. En vikur er, eins og kunnugt er, mikið notaður nú orðið við húsabyggingar. Við stigum af baki og gengum fram á snös í flæðarmálinu, og runnu smálækir í giljum beggja megin við þessa snös. Lækir þessir heita ólíkum nöfnum, því að annar heitir Eitur-lækur, en hinn Lækningalind, og er sagt, að þar í vatni búi lækningakraftur sökum þess, að eitt sinn hefði kaþólskur prestur lagt blessun sína yfir læk þennan.

Veðrið var hið ákjósanlegasta, er við komum að Hellum, sem er samnefni nokkurra bæja, og heitir einn þeirra Gíslabær, þar sem á heima séra Kjartan Kjartansson. Til þessa bæjar var förrinni heitið, og séra Kjartan gekk til móts við okkur, þegar við gengum upp bæjarhólinn hans. Áður hafði ég heyrt þess getið, að fyrir löngu löngu, þegar simi, útvarp og önnur þægindi nútímans þektust ekki á voru landi, hafi séra Kjartan verið prestur í Grunnavík á Ströndum. Síðan hafði hann farið þaðan í burtu og leitað suður á hóginn, á Snæfellsnes, og orðið prestur á Staðarstað í fjölda ára. Fyrir nokkurum árum var séra Kjartan hættur prestskap og settist þá að þar, sem Gíslabær heitir, og til þessa bæjar vorum við nú komnir. Það er því varla hægt að lá mér það, þó að ég héldi, að séra Kjartan væri orðinn maður hrumur og sljór, en það var öðru nær, því að séra Kjartan var hreint og beint unglegur að sjá, þar sem hann gekk til okkar, röskur bæði í tali og spori. Á honum sá ég alls engin ellimörk.

Þegar tími hafði unnist til að hempuklæðast, gengu kennimennirnir fjórir upp túnið áleiðis til kirkjunnar. Allir voru þeir hempuklæddir, séra Magnús Guðmundsson, sóknarpresturinn séra Guðmundur Helgason, séra Kjartan Kjartansson og biskupinn. — Þeir nálgudust kirkjuna óðum, og brátt bar vindblærinn óm af preludium organistans út til þeirra. Þegar inn í kirkjuna kom, sá ég, að í sæti organistans sat söngmálastjórinn sjálfur, sem hafði æft kór Hellnakirkju í fáeina daga. Organistalaust var í augnablikinu, því hljóp Sigurður Birkis í

1) Annar talsmáti er á þessu orði, þ. e. a. s. Hellnum, en fróðir menn sögðu mér, að sá n-lausi mundi réttari vera.



Hellnasöfnuður, biskup og prestar. Í baksýn er Snæfellsnesjökull.
skarðið við þetta tækifæri, og var það ekki til að draga úr hátíðleik guðsþjónustunnar.

Það leyndi sér heldur ekki á þessum stað, að söngurinn var vel æfður og hljómfagur, og var mikið sungið. Það var því á-nægjulegra að veita þessu athygli, sem þess er og að minnast, að Hellnasöfnuður er í hópi fámennari safnaða landsins.

Einu mun ég seint gleyma af því, er bar fyrir á Hellum. Þrjár telpur á að gizka 7—8 ára gamlar sátu úti á túni og voru að syngja. Heyrði ég strax, að þær sungu tvi- ef ekki þríraddað, en undrun mín kom fyrst í ljós, svo að um munaði, þegar ég heyrdi, að þær voru að syngja kórverkið: „Ég krýp og faðma fótiskör þína . . .“, sem Ólafsvíkurkórinn og Hellnakór sungu sem stólvers í visitaziuguðsþjónustunum. Var söngmálastjórinn líka að æfa barnakór?

Safnaðarfulltrúinn í Hellnasókn, Kristinn Sigmundsson, kom til visitaziunnar og sóknarnefndin öll: Form. Finnboði Lárusson, Hans Jónasson og Jónas Pétursson.

Þegar söngmálastjórinn að loknu sínu starfi á Hellum var að fara þaðan síðar um daginn, hitti ég hann að máli, þar sem hann stóð við hestinn sinn, búinn til burtreiðar.

Samtal við söng- „Hvað getur þú sagt mér af starfi þínu á Snæ-
málastjórann. fellsnesi undanfarna daga?“

„Í Ólafsvík var ég nokkura daga og æfði þar rúmlega 20 manna blandaðan kór. Þaðan fór ég hingað til Hellna

og hefi sömuleiðis verið hér nokkura daga og æft kór Hellna-kirkju, sem er litið eitt minni en sá í Ólafsvík“.

„Hefir ekki verið erfitt að koma við æfingum í sveitinni og fá fólkið til að mæta?“

„Nei, þá sögu hefi ég ekki að segja, heldur hana þveröfuga. Fólkið er elskulegt og áhugasamt og vill alt leggja í sölnar fyrir sönginn. Ég hafði æfingar í marga klukkutíma á hverjum og einum einasta degi, og fólkið mætti altaf. Það tekur sig upp frá sínum daglegu störfum og þarf oft um langan veg og torsóttan að fara til þess að geta sótt æfingar“.

„Finst þér fólkið hafa næmt söngeyra?“

„Já, alþýða manna á Íslandi öllu er sönghneigð og söngvin. Hefi ég gert töluvert af því að kenna fólkinu að syngja sálmalögin bæði sterkt og veikt, eftir því sem við á, og til mikillar ánægju finn ég, að fólkið gripur þetta og temur sér að syngja í samræmi við styrkleik þann, er kemur fram í orgelspílinu“.

„Getur þú sagt mér, hvernig börnin, sem ég heyrði syngja úti á túninu áðan, gátu verið að syngja með röddum kórverkið, sem þú hefir verið að æfa með kirkjukórunum?“

„Ekki hefi ég nema eina skýringu á því, og hún er sú, að á hverri æfingu er fleira og færra af ungum og gömlum, sem hlustar á úti í kirkjunni, og þar hafa þessi börn, er þú talar um, lært tónverkið og raddir í því“.

„Hvert er för þinni heitið næst?“ spurði ég Sigurð Birkis, um leið og hann vindur sér upp á hestinn.

„Til Skagafjarðar“.

Ög áður en ég hefi fengið tóm til að spyrja hann frekar, er hann þotinn af stað.

Ég sný aftur inn í bæ, og nú er beðið næsta dags með eftirvæntingu og þá sérstaklega eftir því, hvernig veðrið muni verða, því að þá á að fara fyrir Jökulinn.

Farið fyrir Jökulinn.

Morgundagurinn rann upp heiður og fagur. Útsýnið frá Gíslabæ blasti við í allri sinni dýrð. Við himin sjálfan gnæfði kóngurinn í ríki náttúrunnar á nesinu, Snæfellsjökull, og það glampaði fagurlega á hann snækrýndan í sólskininu. „Undir Jökli“ vorum við, þó að á þurru landi væri, og sáum greinilega hliðar hans, hvernig þær fyrrum höfðu skapast og skafist af fargi jökulsins, sem skildi þær eftir þannig, sem þær litu út í dag, berar, bugðóttar og blábleikar. — Það var ládeyða á sjónum. Alt frá útnorðri til suðurs var ekkert, sem augað eygði, nema hafið, dimmblátt og rennislétt. Ekkert var þar öðru herra, nema hvar Gólturinn, einbúinn við ströndina, rak upp kollinn og rauf kyrðina.

„Það brýtur altaf á honum“, sagði fólkíð.

Að ástæðulausu var það ekki, að hér þætti mörgum feurst á Snæfellsnesi.

Hádegíð nálgadist, og var okkur tilkynnt, að það sæist til ferða hreppstjórans Ólafs Bjarnasonar með hestana. Tími þótti því kominn til að ferðbúast, og upp úr hádeginu lögðum við af stað. Biskupinn hafði strax og þetta ferðalag var ákveðið tekið það loforð af séra Magnúsi Guðmundssyni, að hann færi með sér þessa leið, og var séra Magnús líka kominn til þess að efna það. Kom það brátt í ljós, að ekki var til ónýtis að hafa hann með í förinni, því að hann kunni deili á öllum sköpuðum hlutum á leið þessari og sýndi okkur alt það, sem markverðast þótti að sjá.

Síðasti dagurinn hans á Einarsslóni.

Við komum á tvo bæi á leiðinni, Dagverðará og svo eftir langa reið þaðan og slæma að bænum Einarsslóni, mér liggur við að segja ævinfýrlegum bæ, verandi rétt við Jökulinn á sjávarbakkanum, en þó svo, að ekki sást til sjávar frá bænum, því að hár malarkambur huldi útsýn á sjóinn. — Fjörgamall maður gekk til móts við okkur niður túntroðninginn. Hann var kominn með elliherurnar, en augun tindruðu, og góður var svipur hans. Hann kvaðst heita Jón Ólafsson.

„Ég er búinn að vera hér á Einarsslóni, á „afskekta bænum undir Jöklinum“, eins og hann er rétt nefndur, í 58 ár og heli búið aldur minn svo að segja allan á þessum stað og alið hér upp börn mín. Það hefir oft verið erfitt hér að lifa“.

„Hvað hefir þér þótt erfiðast við búskapinn þinn?“

Hann hugsaði sig um andartak, en varð svo að orði:

„Það var erfitt, drengur minn, er ég lá úti um nætur og sat fyrir tófunni í fjörinni í öllum veðrum. Það var oft napurt þá, en ég mátti til, því að það var mín björg að skjóta tófunnar og selja til Ólafsvíkur fyrir 12—18 kr. stykkið. Ekki var um nema tvent að velja fyrir mig. Annaðhvort að duga eða drepast. Flestar skaut ég 14 tófur í einu, og það þótti vel af sér vikið“.

„Hérna stóð kirkjan á Einarsslóni“, hélt gamli maðurinn áfram og benti á hól við bæinn. „Mikið þótti mér leit, að hún skyldi vera rifin. Það var svo hátíðlegt að vera í kirkjunni. Ég man eftir því, er ég seinast fékk tækifæri til þess að vera í henni, áður en hún var lögð niður. Þá var ég 12 ára. Og hvað klukkurnar hringdu fallega!“

„Hefir yður ekki þótt einmanalegt hér um ævina?“

„Ó jú, það hefir verið það. En stöku sinnum koma hér ferðamenn við á leið sinni fyrir Jökulinn, líkt og þið núna, þó að

það sé dálitill krókur. Svo eru það skipin, sem lifga upp einveruna hér, þegar þau eru að fara fyrir eða að flýja hingað upp að landi fyrir norðanrokunum. Flest hafa þau verið 50 til 60 í einu hér fyrir framan, og þá var ekki einmanalegt á Einarslóni.

„Þið hittið annars einkennilega á, gestir góðir“, sagði hann, „því að þetta mun vera síðasti dagurinn, sem ég dvel á Einarslóni, því að við gömlu hjónin erum í dag að flytja búferlum héðan eftir öll þessi ár. Hann Kristján sonur minn ætlar samt að halda hér búskap áfram, ef hægt er“.

Þegar við riðum áfram og fórum fram með túngarðinum, sáum við klyfjar, pinkla og böggla, þar liggjandi. Farangur gömlu hjónanna á Einarslóni var þegar tilbúinn af stað.

Haldið áfram. Altaf virtist Jökullinn vera okkur jafn nálægur á hægri hönd, eftir því sem á sóttist leiðina, svo að engu var líkara en að hann væri sá fimti í förinni. Hann breytti aðeins um svip endrum og eins, tók á sig nýja og nýja lögun, svo að altaf höfðum við sívakandi athygli á honum. Þegar við svo komum til Hellissands um kvöldið, og Jökullinn sýndi sig í norðrinu, var óhætt að segja, að við værum farnir að þekkja á honum flestar hliðarnar, Jöklinum að sumarlagi

Þegar við um hádegisbilið höfðum verið að leggja af stað frá Gíslabæ, kom séra Magnús að máli við mig og bað um að mega geyma áhald í farangri okkar. Hann sagði, að það væri sérstakur rafmagnsmælir. Í eitt skifti eftir annað þurfti séra Magnús á þessum mæli að halda, þar sem við komum við á bæjunum, og lék mér forvitni á að vita, hvað það væri, er séra Magnús hefðist að með áhaldi þessu. Það kom í ljós, að bændurnir voru að biðja hann um að líta á biluð viðtæki og vélar. Þeir höfðu ekki leitað til hans árangurslaust, því að séra Magnús hafði á ferðalaginu gert bændum stórmikið gagn með því að gera við það, er að var. Til þessa notaði hann þetta áhald, er ég varðveitti í farangrinum. — Þá var það, sem ég fékk að vita, að séra Magnús er alþektur um Snæfellsnes sem völundur á vélar, og á margur honum að þakka, að biluð vél komst aftur í gang. Það vita a. m. k. Ólafsvíkingar.

Á Hellissandi. Við gistum hjá trésmiðameistara Vigfúsi Jónssyni, og strax eftir hádegi var farið upp að Ingjaldshóli, sem er skamt frá þorpinu, og vísitazian þar haldin. Á Sandi féll vinna að mestu leyti niður, meðan á guðspjónustunni stóð. Þangað kom safnaðarfulltrúinn Hjörtur Jónsson

hreppstjóri, form. sóknarnefndar Pétur Péturson og nefndar-
maður Benedikt Benediktsson.

Kirkjan á Ingjaldshóli stendur á sérstaklega fallegum stað. Kirkjuna nota skipin úti á Breiðafirði sem siglingamerki, má þar af marka útsýni þaðan.

Frá Sandi fórum við síðla dags, hinir sömu og komið höfðu daginn áður, auk Elíasar Halldórssonar skrifstofustjóra í Reykjavík. Var hann viðstaddur visitaziuguðspjónustuna á Ingjaldshóli, en var á ferðalagi um Snæfellsnes til þess að kynna sér hraðfrystihús í verstöðvunum.

Eftir skamma reið fyrir Ólafsvíkurenni komum við aftur í Ólafsvík, og fórum allir heim á heimili séra Magnúsar. Biskupinn og Elíasi Halldórsson voru þar eftir, en ég fór með Ólafi hreppstjóra áfram með hestana heim að Brimilsvöllum, og þar gisti ég hjá honum um nóttina.

Morguninn eftir komu þeir í bíl frá Ólafsvík, og var þá ferðalaginu haldið áfram á hestum.

Á Brimilsvöllum var lokið hinni miklu og góðu fylgd séra Magnúsar Guðmundssonar. Kom hann í bílnum með biskupinum og Elíasi Halldórssyni, og fór aftur í honum til Ólafsvíkur. — Þegar við komum í Grafarnes, varð Elíasi þar eftir, en við héldum áfram út að Setbergi.

Hjá prófasti. Séra Jósef Jónsson er prófastur í Snæfellsnes-prófastsdæmi og býr að Setbergi. Setbergskirkja er í túninu rétt við bæinn, og hlýddu visitaziugestir messu strax þá um daginn hjá biskupi og prófasti. Þar var kominn safnaðarfulltrúinn Bjarni Sigurðsson hreppstjóri og sóknarnefndar-
maður Gunnar Sigmundsson.

Á hljóðfærið í kirkjunni lék prófastsfrúin Hólmfríður Halldórsdóttir, og vakti það athygli mína, að frúin skyldi spila alt utanbókar, án þess að nokkurar nótar væru á orgelinu. En þeim mörgu, er þekkja hæfileika frúarinnar og hvilíkur pianósnillingur hún er, mun ekki koma þetta á óvart.

Okkur þótti prófastur ærið árrisull um morguninn, sem við fórum frá Setbergi, því að hann hafði vaknað kl. 5 og úr því farið að vekja hreppstjórann, svo að hestarnir yrðu tilbúnir nógu snemma. Gæti ég trúað því, að þetta sé í eina skiftið, sem Ólafur hreppstjóri hafi verið sleginn út í árvekni, en það var heldur ekki við lambið að leika sér, eins og þar stendur, þar sem við prófastinn var að etja, sem er manna árrisulastur.

Þetta varð til þess, að við og prófastur lögðum af stað tveimur klukkutímum áður en ætlað var, og laust fyrir hádegi var komið í Bjarnarhöfn.

Prestur Bjarnarhafnarsafnaðar er séra Sigurður Ó. Lárusson í Stykkishólmi.

„Þarna kemur sóknarprestur á Baldri sinum“, sögðu kunnugir, strax og sást hilla undir riðandi ferðalang. Þeir höfðu á réttu að standa. Eftir góða stund kom þessi ferðamaður riðandi heim túnið. Það var séra Sigurður Ó. Lárusson á stórum og miklum hesti bleikum að lit.

Kl. 2 var gengið í kirkjuna, sem stendur niðri á Bjarnarhafnartúni. Við messu var þar auk sóknarfólks aðkomufólk bæði frá Vestmannaeyjum og Reykjavík. Til fundar í kirkjunni komu form. sóknarnefndar og safnaðarfulltrúi Daniel Matthíasson og úr sóknarnefnd Petrina Sæmundsdóttir og Bæring Elisson.

Til Narfeyrar. Þegar við riðum úr hlaði í Bjarnarhöfn, voru í samreið 20 hestar. Séra Sigurður var á leið í Stykkishólm, Ólafur Bjarnason á heimleið með sina hesta, þar sem hans löngu og miklu fylgd var lokið, og Daniel Matthíasson safnaðarfulltrúi tekinn við af honum. Prófastur var að halda áfram ferðinni með okkur. En brátt skildu leiðir, og náðum við til Guðbrands Sigurðssonar, hreppstjóra á Svelgsá. Þar gistum við um nóttina, en strax næsta dag var farið út að Narfeyri.

Fólkið sat úti á túninu þrúðbúið í sólskininu og beið þess, að messa yrði hafin. Það leið líka óðum að því, og kl. 2 var gengið til kirkju. Á sóknarnefndarfundinn komu safnaðarfulltrúinn Óskar Danielsson og sóknarnefndarmaðurinn Vilhjálmur Ögmundsson.

Settur prestur er þarna séra Jón N. Jóhannessen, og kom hann frá Breiðabólstað til vísitaziunnar, en fór þangað aftur um kvöldið.

Vísindamaður og bóndi. Ekki þarf nema örstutta stund til að sjá, að bóndinn á Narfeyri, Vilhjálmur Ögmundsson, er ekki svo sem fólk er flest. Hann er maður fámáll og rólegur, en hugsandi og athugull, alvarlegur og góðlegur. Svipur hans lýsti miklum gáfum og þrautseigum vilja. Það var um kvöldið, sem ég kyntist honum og verkum hans nánar.

Af ástæðum, sem ég ekki man lengur, barst tal okkar að stærðfræðinni, og hafði Vilhjálmur orð á því, að sér þætti gaman að henni.

„Þér hafið lært eitthvað í stærðfræði?“ spurði ég.

Vilhjálmur brosti lítið eitt.

„Já“, hann kvað svo vera.

Hann stóð upp, gekk að bókaskápnnum, tók þaðan stóra bók

og rétti mér. Bókin var nær 600 bls., og hvar sem ég fletti, var ekkert annað að sjá en stærðfræðitákn, sem Vilhjálmur hefir líklega búist við, að ég, mentamaðurinn, myndi skilja. En það fór nú á annan veg, sem var ekki nema eðlilegt. Hvernig átti ég að geta botnað nokkuð í dönskum háskólafyrirlestrum í stærðfræði? Þó að efni bókarinnar væri mér ráðgáta, var þó miklu verra að ráða fram úr því, hvernig þessi bók gæti verið í höndum bónda norður á Íslandi.

„Ég hefi lesið í þessari mér til gamans í skammdeginu, en það er bara verst, að svo lítið er hægt að fá af bókum um þetta efni núna. Þó hefi ég hér nokkurar“.

Ög hann tók einar 6 til 8 bækur út úr skápnum á þýzkri tungu ýmist um efna- eða eðlisfræði og sýndi mér. Það bar ekki á öðru, þær voru á þýzku.

„Fyrir mörgum árum var ég í Verzlunarskólanum“, sagði Vilhjálmur, „þá var það efna- og eðlisfræðin, sem heilluðu mig, en þó stærðfræðin mest af öllu. Síðan hefi ég lesið áfram af og til í þessum fræðum mér til gamans, þegar ég hefi getað aflað mér bóka um þessi efni“.

Þegar opnað var fyrir útvarpið og tilkynningar komu hver af annari, sagði Ögmundur gamli:

„Þetta tæki hefir sonur minn smíðað, og hátalarinn er líka eftir hann“. En þar með er sagan ekki nema hálfsgöð, því að



Vilhjálmur og vindrafstöðin hans.

úti á túni var einskonar vindrafstöð, sú frumstæðasta, er ég hefi séð, en það er líka sú fyrsta hér á landi, uppfinning Vilhjálmss sjálfs, er hann gerði til þess að geta hlaðið geyminn sinn sjálfur. Hafa bændur í grend við Vilhjálm notfært sér þessa aðferð hans og komið upp hjá sér slíkri rafhleðslu. Vilhjálmur hefir og fundið upp ýmsar aðferðir við búskapinn til hagræðis og léttis, sem aðrir hafa svo tekið upp eftir honum, en sjálfur

tekjur, sem eingöngu eru tilkomnar vegna verðbólgunnar og hins óvanalega ástands yfirleitt.

Tilgangur þessarar stuttu greinar er sá að vekja athygli á þeim órétti, sem hafður er í frammi gagnvart sparifjäreigendum, og að benda á leið, er fara mætti til þess að fá úrbót. Annars er það aukaatriði, á hvern hátt hafist er handa, ef aðeins er sjeð fyrir því, að þessi stétt manna öðlist jafnan rétt á við aðrar stéttir. Vanrækslu í þessu efni er ekki hægt að túlka nema á einn veg.

Klemens Tryggvason.

Aðalfundur Prestafélags Íslands.

Tilhögun.

Aðalfundur Prestafélags Íslands var haldinn í kenslusal guðfræðideildar Háskólans, laugardaginn 20. júní. Hófst hann með guðspjónustu í Háskólakapellunni, og prédikaði séra Bergur Björnsson í Stafholti.

Fundarstörfum var lokið á einum degi. Formaður Prestafélagsins, próf. Ásmundur Guðmundsson, setti fundinn og stjórnaði honum, en ritarastörfum gegndi séra Árni Sigurðsson, ritari félagsins, með aðstoð séra Gísla Brynjólfssonar.

Í fundarlok var gengið til Háskólakapellunnar, og annaðist séra Jóhann Briem þar guðspjónustu.

Fundarsókn.

Fundinn sóttu: Biskupinn, vigslubiskupar báðir, prófessor Ásmundur Guðmundsson, 38 prófastar og prestar, 6 pastores emeriti og einn guðfræðistúdent, eða alls 49 menn.

Skýrsla stjórnar.

Formaður gaf skýrslu um það, sem gerst hafði á félagsárinu, breytingar innan félagsins, fjármál, framkvæmdir félagsstjórnar o. s. frv. Meðal annars hefir félagið gerst þáttakandi í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Félagsgjald í Prestafélaginu lagði stjórnin til að yrði hækkað í 15 krónur, og var það samþykkt á fundinum. Kirkjubingsmálinu og breytingu á prestkosningalögum hefir ekki þokað frekar áleiðis á Alþingi.